

verðlaunanefnd eða ráðgjafanefnd í hverju efni er henni sýnist, en þær nefndir skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Stjórnin ein ákveður val verðlaunaþega og upphæð verðlauna.

6. gr.

Verðlaunaveiting fer fram við opinbera athöfn, þar sem einnig skal skýra skilmerkilega frá ástæðu verðlaunaveitingar. Skal sú skýrsla prentuð í ritum félagsins og þess jafnframt getið í hverra minningu verðlaunin eru veitt. Stjórnarmeðlimir og nefndarmenn geta ekki orðið aðnjótandi verðlaunanna.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Vísindafélags Íslendinga.

Hafi stjórn sjóðsins eitthvert ár ekki kveðið val á hæfum verðlaunaþega, skal bæta þeim vöxtum, sem annars hefðu farið til veitingar, við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

(Að samþykktum breytingum þann 21. 10. 1968.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að reisa og reka samkomuhús og starfsmiðstöð fyrir íslenska alþýðu og flokk hennar, Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn eða hvern þann sósíalistiskan fjöldaflokk, sem tekur við hlutverki hans að dómi sjóðstjórnar, eða að vinna að framgangi sósíalismans á Íslandi á annan hátt.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið samkvæmt 2. gr.

Eignir hans má ekki skerða.

Sjóðurinn er stofnaður fyrir frumkvæði Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og aðrar gjafir, arður af sölu minningarspjalda, sem hann gefur út, svo og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 9 mönnum, sem miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins kys til fjögurra ára frá október 1968 að telja.

Sjóðstjórnin kys þriggja manna framkvæmdanefnd úr sínum hópi til að annast daglegar framkvæmdir.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp árlega og miðast við almanaksárið.

Reikningar skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, kosnum af miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins til fjögurra ára.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur ein breytt þessari skipulagsskrá.

Skal hún innan fjögurra ára hafa tekið ákvörðun um hvernig framvegis skuli kjósa stjórnina.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við lágspennu.****I. GJALDSKRÁLÍÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	9.00 á kwst.
12	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	4.60 á kwst.

2. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

21	Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	2.30 á kwst.

Aflmarksmæling.

23	Aflgjald, lágmarksstilling 2 kw.	—	5 750.00 á ári.
	— frá 2 til 6 kw.	—	1 955.00 á kw. á ári.
	— umfram 6 kw.	—	1 250.00 á kw. á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.40 á kwst.
	— af notkun umfram aflstillingu	—	4.60 á kwst.

Mestaafismæling.

24	Aflgjald, lágmark 8 kw.	—	18 400.00 á ári.
	— umfram 8 kw.	—	2 300 00 á kw. á ári.
	Orkugjald	—	0.40 á kwst.